

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2020, miðvikudagur 16. desember var haldinn 389. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:05 í Hofi, Borgartúni 12-14. Á fundinn mætti Heiða Björg Hilmsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Alexandra Briem, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Ragna Sigurðardóttir, Egill Þór Jónsson og Kolbrún Baldursdóttir tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1076/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Regína Ásvaldsdóttir, Aðalbjörg Traustadóttir, Kristjana Gunnarsdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Dís Sigurgeirsdóttir og Randver Kári Randversson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfinu á velferðarsviði á milli funda velferðarráðs.
2. Fram fer kynning á tillögum starfshóps um endurskoðun átakswerkefna á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og lögð fram svohljóðandi tillaga starfshópsins dags. 16. desember, um Virkniús og verkefnastjórn virkniúrræða ásamt fylgigögnum:

Velferðarráð samþykkir að fela velferðarsviði að undirbúa stofnun Virkniúss sem heldur utan um virkniúrræði á vegum sviðsins, þ.e. Kvennasmiðju, Karlasmíðju, Grettistak, Tinnu, IPS og Bataskólann. Virkniúsið hafi enn fremur yfirsýn yfir úrræði á vegum félagasamtaka eða þriðja geirans, s.s. Fjölsmiðjuna, Hugarafli og fleiri slík úrræði og haldi utan um tengsl og samninga við viðkomandi starfseiningar. Auk ráðningar teymisstjóra Virkniúss verði gert ráð fyrir stöðugildum iðjuþjálfara og sálfræðings í húsinu. Enn fremur er lagt til að skipuð verði ein verkefnastjórn fyrir átakswerkefnin sem hafi það hlutverk að hafa yfirsýn yfir starfseminna, sjái um inntöku í úrræðin og áframhaldandi þróun og skipulagningu þeirra. Virkniúsið heyri undir skrifstofu ráðgjafarþjónustu á undirbúningstímanum og í fyrsta fasa breytinga en framtíðarstaðsetning í skipuriti verði ákveðin samhliða breytingum á skipuriti velferðarsviðs í samræmi við mótun velferðarstefnu. Jafnframt verði velferðarsviði falið að semja við Hugarafli um sérstök virkniúrræði fyrir einstaklinga sem hafa verið lengi á fjárhagsaðstoð og þurfa frekari stuðning. Kostnaður við ráðningu teymisstjóra rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs árið 2021 en kostnaði varðandi frekari þróun virkniúrræða, s.s. samningi við Hugarafli verði vísað til sérstakrar afgreiðslu borgarráðs í tengslum við vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar. VEL2020050002.

Greinargerð fylgir.
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Með sameiginlegri verkefnastjórn fyrir átakswerkefni er hægt að auka yfirsýn, samræma inntökuferli og þróa úrræðin áfram notendum til hagsbóta. Með virkniúsi má auka samstarf milli þeirra sem sinna endurhæfingu fyrir þennan hóp og auka yfirsýn yfir endurhæfingarúrræði sviðsins. Með því að koma á fót úrræðabanka má minnka flækjustig, einfalda utanumhald og gefa notendum tækifæri á meiri sveigjanleika í vali á úrræðum og bæta eftirfylgd.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Markmiðið tillögunnar er að halda utan um virkniúrræði á vegum sviðsins og stytta boðleiðir milli virkniúrræða. Að veita einstaklingum

á fjárhagsaðstoð kost á vinnu og virkni er gríðarlega mikilvægt skref í að hjálpa fólki aftur út í lífið. Hægt er að spara miklar fjárhæðir og auka lífsgæði einstaklinga með því að vinna markvissa vinnu í þessum efnum. Mikilvægt er að marka stefnu í því að hjálpa einstaklingum út úr félagslega kerfinu á kerfisbundinn hátt, með það að leiðarljósi að einstaklingar standi á eigin fótum og séu ekki háðir kerfinu til frambúðar.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Talað er um „hús“, virknihús, sem er villandi ef þetta er hvorki „hús“ né deild eða eining. Þetta er samt meira en teymi? Ef þessar tillögur draga úr flækjustigi kerfisins, hagræða, einfalda og flýta fyrir afgreiðslu þá er það gott. Eins og þetta er kynnt virkar þetta ekki mjög skýrt. Gott væri að með fylgdi dæmi um t.d. hvernig þessi útfærsla snýr að einstaklingnum. Ráða á teymisstjóra og fleiri í kjölfarið. Fulltrúi Flokks fólksins óttast kostnað vegna yfirbyggingar sem oft á það til að ofvaxa. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvort komið sé enn eitt kerfið, við hlið Keðjunnar? Hvernig á þetta að spila saman því ekki á „virknihúsið“ að heyra undir Keðjuna heldur skrifstofu ráðgjafarþjónustu alla vega í fyrstu en ekki er ljóst í framhaldinu hvað það verður í skipuriti. Hefði ekki verið einfaldara að fela einhverjum tveimur starfsmönnum velferðarsviðs að sinna þessari samþættingu frekar en að setja á laggirnar enn eina nýja yfirbyggingu? En það er fulltrúi Flokks fólksins að meinalausu að styðja þessa tillögu í þeirri von að hún leiði til gagns og einföldunar fyrir notendur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Um er að ræða einföldun á yfirbyggingu og betri nýtingu úrræða, eins skal taka fram að Keðjan snýr að börnum en virknihús að fullorðnum og ekki er því um hliðstæða þjónustu að ræða. Virknihús er vinnuheiti og gæti tekið breytingum, en því ber að halda til haga að alvanalegt er bæði í íslensku viðskiptalífi og stjórnsýslu að nota heiti á borð við „hús“ eða „stofa“ eða „miðstöð“ í nafngiftum, jafnvel þó þau orð séu ekki bókstaflega lýsandi fyrir aðstöðuna.

Þóra Kemp, deildarstjóri og Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

3. Fram fer kynning á nýrri framsetningu lykiltalna velferðarsviðs. VEL2020120070.

Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, teymisstjóri, og Guðmundur Sigmarsson, verkefnastjóri, taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð fagnar því að unnið sé að skýrari og betri framsetningu gagna. Góð gögn og skýr eru mikilvægasta verkfærið sem við getum haft til að tryggja vandaða og góða ákvarðanatöku.

4. Lagt fram fundadagatal velferðarráðs 2021. VEL2020120073.
5. Fram fer kynning á greiningarvinnu um skólaþjónustu. VEL2020120071.

Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, teymisstjóri, tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Skólabjónustan er mikilvægt viðfangsefni og nauðsynleg þjónusta við börn í grunnskólum. Nauðsynlegt er að unnið sé að snemmtækri íhlutun og að meiri áhersla verði lögð á veitingu þjónustu og minni á greiningar nema þar sem þeirra er sýnilega þörf. Tilraunaverkefnið Betri borg fyrir börn í Breiðholti hefur gefið góða raun, en í því er lögð áhersla á að færa þjónustuna út í hverfið, inn í skólana og nær börnunum, mjög spennandi verður að innleiða þá nálgun í fleiri hverfum. Nauðsynlegt er að fylgjast með undirliggjandi breytum milli hverfa, svo sem lýðfræði og fjölda notenda, og tryggja að stuðningur við hæfi sé í boði hverju sinni.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ekkert er út á tölfræðina að setja en hún má þó ekki verða þannig að ekki sé hægt að sjá skóginn fyrir trjám. Hinn langi biðlisti barna er ólíðandi. Samkvæmt nýjum vef sem sýnir lykiltölur eru tæp 800 börn á bið, um helmingur eftir fyrstu þjónustu. Tvennt sem slær, utan langs biðlista, er hversu mikill munur er eftir hverfum. Það kæmi ekki á óvart að foreldrar leiti sér að húsnæði þar sem staðan er góð í skóla hverfisins hvað varðar aðgengi að skólasálfræðingi. Fulltrúi Flokks fólksins hefur reynslu úr starfi um hvað felst í svokallaðri fyrstu þjónustu. Oft er það aðeins eitt stutt viðtal og svo fer barn aftur á langan biðlista eftir „meiri“ þjónustu. Málum er forgangsraðað eftir alvarleika. Mál sem eru ekki flokkuð sem bráðamál geta orðið það á sekúndubroti sérstaklega ef barn hefur beðið lengi eftir aðstoð. Flestar tilvísanir eru vegna málþroskavanda og einbeitingarvanda sem er vísbending um ADHD. Það sárvantar fleiri fagaðila til að mæta þessum kúfi. Tillaga um fjölgun stöðugilda fagaðila hefur verið felld. Bíða á eftir frumvarpi sem á að samþætta þjónustuna. Kosningar eru á næsta ári og því fátt fast í hendi þegar kemur að metnaðarfullu frumvarpi ráðherra. Eiga börnin bara að bíða þangað til?

6. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 15. lið fundargerðar velferðarráðs þann 2. desember 2020, um að brúa bilið milli kynslóða með reglulegum og markvissum hætti:

Flokkur fólksins leggur til að fundnar verði leiðir til að brúa bilið milli kynslóða, eldri borgara og barna. Við getum lært svo mikið hvert af öðru, fullorðnir af börnum og börn af fullorðnum. Hægt er að finna alls konar flöt á samskiptum og samveru eldri og vngri kynslóðarinnar. Tala saman, fara eitthvað saman eða gera eitthvað saman. Lagt er til að leitað verði leiða til að auka samskipti vngri og eldri, barna og eldri borgara til að efla gagnkvæman skilning og virðingu og umfram allt eiga ánægjulegar stundir. Nota má leik- og grunnskólana og félagsmiðstöðvarnar í þessum tilgangi. VEL2020120072.

Vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins. Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands situr hjá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú þegar eru svona verkefni í gangi og er það ávarpað sérstaklega í stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við eldri borgara. Brúarsmíð milli þessara hópa á sér stað á félagsmiðstöðvum á sviðinu, en einnig

inni á hjúkrunarheimilum og víðar. Sem dæmi má nefna að leikskóli kemur reglulega í heimsókn á Droplaugarstaði auk fjölmargra annarra skipulagðra verkefna. Í stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum eldri borgara eru ný verkefni til viðbótar við þau sem þegar eru í gangi á borð við nýtt verkefni þar sem háskólanemum er boðið að búa í þjónustuíbúð og taka þar þátt í félagsstarfi og aðstoð við íbúa. Fulltrúar meirihlutans taka undir nauðsyn þess að brúa bilið milli kynslóðanna, og taka undir hvatningu þess efnis að halda því góða starfi áfram og útvíkka það enn frekar. Óskað er eftir stöðumati á innleiðingu aðgerðaráætlunar með stefnu í málefnum eldri borgara á næsta ári.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Flokks fólksins um að brúa bil milli kynslóða með reglulegum og markvissum hætti hefur verið vísað frá með þeim rökum að þetta sé verið að gera. En það liggur einfaldlega ekki ljóst fyrir. Það er ein setning um þetta í Stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara 2018-2022 svohljóðandi „starf á félagsmiðstöðvum stuðli að tengingu milli kynslóða“. Fulltrúa Flokks fólksins langar að sjá nánar hvernig þetta er að virka í reynd. Í framhaldinu mun fulltrúi Flokks fólksins bera fram spurningar um hvað margar félagsmiðstöðvar eru með starf sem stuðlar að tengingu milli kynslóða og í hverju felst það starf nákvæmlega?

- kl. 15:31 vikur Egill Þór Jónsson af fundinum.
- 7. Lagt fram svar sviðsstjóra velferðarsviðs, dags 16. desember, við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 24. lið fundargerðar velferðarráðs þann 18. nóvember, um svör þjónustumiðstöðva við erindum borgarbúa. VEL2020110022.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði um hvað er velferðarsvið að gera til að tryggja að þjónustumiðstöðvar svari erindum borgarbúa? Ástæða spurningarinnar var að borist hafði ábending frá þjónustubega sem ítrekað hefur reynt að ná til einnar þjónustumiðstöðvar vegna mála er varða heimabiðnustu og heimahjúkrun. Fólk á auðvitað ekki í neyð sinni að hurfa að hafa samband við borgarfulltrúa til að fá áheyrn velferðarkerfis borgarinnar. Í svari kemur fram að ýmsar leiðir séu til, til að ná evrum þjónustumiðstöðva. Skiljanlega bykir stjórnendum ekki skemmtilegt að fréttu að fólki er ekki sinnt sem skyldi og erindum ekki svarað. Það mál sem vísað er í hér að ofan er enn óleyst brátt fyrir frekari ítrekun. Það er að mati fulltrúa Flokks fólksins komin rík ástæða fyrir stjórnendur velferðarsviðs að heimsækja allar þjónustumiðstöðvar og fara vfir þjónustuleiðir og umfram allt ítreka að afgangi á erindi svo fljótt sem unnt er og ef tafir verða að upplýsa notandann með gildum rökum.

- 8. Lagt fram svar sviðsstjóra velferðarsviðs, dags 16. desember, við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 20. lið fundargerðar velferðarráðs þann 18. nóvember, um biðlista í heimabiðnustu. VEL2020110018.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði um biðlista í heimabiðnustu sökum manneklu í líósi þess að atvinnuleysi er nú 10% og fer vaxandi vegna í COVID. Vegna stöðu á atvinnumarkaði eru umsækjendur um hvert starf mun fleiri nú en áður og auðveldara hefur verið að manna laus störf

á velferðarsviði samanborið við síðustu ár. Veirufaraldurinn hefur gjörbreytt mörgu í lífi okkar, flest í neikvæðum skilningi en einstaka bættir fá nú meira andrými. Vegna atvinnuleysis er nú frekar hægt að manna stöður. Það kemur því ekki á óvart að færri eru á biðlista en ella. Talað er um 22 sem er þó tuttugu og tveimur of mikið.

9. Lagt fram svar sviðsstjóra velferðarsviðs, dags 16. desember, við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 22. lið fundargerðar velferðarráðs þann 18. nóvember, um sundurliðun á málum (tilvísunum) sem vísað hefur verið til skólabjónustu. VEL20202110020.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Svar hefur loksins borist við fyrirspurn Flokks fólksins um sundurliðun á málum sem vísað hefur verið til skólabjónustu. Af 1.562 börnum er bjónustu aðeins lokið hjá 327 börnum. Ekki fylgja neinar upplýsingar um hversu lengi börnin bíða og hvað biðu þau börn lengi sem nú hafa fengið einhverja bjónustu. Flokkur fólksins óskaði eftir að fá einfalda sundurliðun á þeim hundruð tilvísana í þrjá einfalda flokka. 1. þvngri mál, 2. mál sem skólinn getur greint og leyst og 3. tilvísanir þar sem óskað er eftir ráðgjöf og stuðningi. Í svari segir að mál séu ekki flokkuð með þessum hætti heldur sé þeim forgangsraðað eftir alvarleika. Athuga þarf að mál sem ekki er flokkað sem bráðamál getur orðið það á sekúndubroti sérstaklega ef barn hefur beðið lengi eftir aðstoð. Börnum með væga erfiðleika er raðað aftast á listann og eru þar kannski föst fleiri mánuði. Flestar tilvísanir eru vegna málbroskavanda og einbeitingarvanda. Það þarf að fá fleiri sálfræðinga til að mæta þessum kúfi. Tillaga Flokks fólksins um fjölgun stöðugilda sálfræðinga um þrjá og talmeinafræðinga um tvo var felld á fundi borgarstjórnar 15.12 og þykir fulltrúa Flokks fólksins það mjög miður. Með því að grípa ekki til aðgerða hér er verið að leika sér að eldi.

10. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga Flokks fólksins um að átak verði gert í að auglýsa sérstakan tilkynningarhnapp ætlaðan börnum til að tilkynna ef þeim finnst eitthvað að hjá sér, heima hjá sér eða hjá vinum sínum. Hnappurinn er á vef Reykjavíkurborgar. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að velferðarsvið og Reykjavíkurborg fari í sérstakt átak við að auglýsa tilkynningarhnappinn ætlaðan börnum sem er á vef Reykjavíkurborgar. Átakið feli í sér fjölbreyttar aðferðir til að ná til sem flestra barna. Tilkynningum um aukið ofbeldi gagnvart börnum hefur fjölgað með komu COVID-19. Um er að ræða aukningu tilkynninga þar sem börn eru vitni að eða sjálf beitt líkamlegu og andlegu ofbeldi á heimili sínu. Börnin sjálf eru oft ekki að ræða um þessi erfiðu mál út á við. Það er mikilvægt að hnappurinn sem ætlaður er fyrir börn til að tilkynna mál höfði til þeirra og sé á nokkrum tungumálum. Umfram allt þurfa börn að vita af tilkynningarhnappnum.

Frestað.

11. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í Stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara 2018-2022 er ein setning sem segir „starf á félagsmiðstöðvum stuðli að tengingu milli kynslóða.“ Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um hversu margar félagsmiðstöðvar eru með starf sem stuðlar að tengingu milli kynslóða, hvernig er því starfi háttað og í hverju felst það? Hvað margar

félagsmiðstöðvar hafa skipulega samveru eldri borgara og barna, eldri borgara og hunda/gæludýra?

12. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur viðhaft fyrirspurnir m.a. óundirbúna fyrirspurn til borgarstjóra vegna fyrirkomulags ef það dagur eldri borgara í heimahúsi lenda á rauðum degi. Fram til þessa hefur þessi þjónusta ekki verið veitt á svokölluðum rauðum dögum. Í svari borgarstjóra var nánast lofað að fundin verði lausn á þessu vandamáli bannig að fólk fái aðstoð við böðun á „sínun“ dögum. Nú líður að jólum og hafa þeir sem eru í þessari stöðu áhvangiur hvort þeir fari án þads inn í jólin. Fulltrúi Flokks fólksins vill spyrja hvort ekki hafi verið fundin lending á þessu máli þegar vika er til jóla? Fulltrúanum er kunnugt um tilfelli þar sem enn hafa ekki borist viðbrögð frá þjónustumiðstöð við erindi eldri borgara vegna máls af þessu tagi. Hér er um mál að ræða sem velferðarsvið verður að skoða hjá öllum þjónustumiðstöðvum. Þetta mál er ekki aðeins mikilvægt á jólum eða páskum heldur verður að leysa þessi mál með varanlegum hætti.

Fyrirspurninni svarað munnlega á fundinum.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirspurn frá Flokki fólksins vegna þjónustu við böðun er svarað á sama fundi og hún er lögð fram. Sagt er að á rauðum dögum séu færri að vinna. Samt er reynt að fjölga fólki. Sagt er að allt sé gert til að hægt sé að aðstoða líka á rauðum dögum. Í byrjun desember er reynt að finna þessa einstaklinga sem svo hittir á en ekki er hægt að koma á móts við alla. En það er undantekning. Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því og vonast til að tryggt sé að allir eldri borgarar í heimahúsi fái þessa og aðra mikilvæga þjónustu fyrir jólin sem ávallt.

Fundið slitið kl. 16:03

Heiða Björg Hilmiðsdóttir formaður (sign)

Sanna Magdalena Mörtudóttir (sign)
Kolbrún Baldursdóttir (sign)
Elín Oddný Sigurðardótti (sign)

Alexandra Briem (sign)
Ragna Sigurðardóttir (sign)